

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni héraðssaksóknara og ríkissaksóknara.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinna embætti héraðssaksóknara og ríkissaksóknara?*

Um lögbundin verkefni embættis héraðssaksóknara og ríkissaksóknara segir í lögreglugögum, nr. 90/1996, og lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna embættis héraðssaksóknara og ríkissaksóknara og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárveitingar til héraðssaksóknara og ríkissaksóknara samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020 eru 1399,6 millj. kr. Hvorki er í lögum um opinber fjármál, gildandi fjárlögum frá Alþingi né bókhaldi stofnana gert ráð fyrir að fjárreiður þeirra séu sundurgreindar eftir einstökum lögbundnum verkefnum.